



Fréttatilkynning

Vefsíða aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands opnuð Kallað eftir verkefnum á dagskrá afmælisársins 22.9. 2017

Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands verður fagnað á næsta ári með fjölbreyttri dagskrá um land allt. Opnuð hefur verið vefsíða afmælisársins á slóðinni www.fullveldi1918.is. Vefsíðan verður upplýsingasíða þar sem m.a. verður hægt að fylgjast með dagskrá afmælisársins og skrá verkefni á dagskrá afmælisársins. Á síðunni verður einnig að finna fróðleik um árið 1918 og fullveldishugtakið sem og námsefni fyrir skóla.

Dagskrá afmælisársins mótuð af landsmönnum

Kallað er eftir frumkvæði og virkri þátttöku landsmanna við mótun dagskrár afmælisársins og lögð er áhersla á að ná til sem flestra landsmanna. Opnað hefur verið fyrir tillögur að verkefnum á dagskrá afmælisársins og skal þeim skilað rafrænt gegnum vefsíðuna www.fullveldi1918.is fyrir kl 16, 22. október nk.

Verkefnaáherslur

Lögð er áhersla á fjölbreytt og vönduð verkefni með nýstárlega nálgun. Litið verður til verkefna sem:

- minnst aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands og/eða hafa skírskotun til þess þáttar í sögu þjóðarinnar.
- fjalla um og/eða byggja á fullveldishugtakinu, hvort heldur er í fortíð, nútíð eða framtíð.
- hvetja til samstarfs.
 - Samstarf getur verið þvert á greinar, milli landsvæða, aldurshópa, þjóðfélagshópa, landa, ólíkra stofnana og félagasamtaka.
- höfða til barna og ungs fólks og eru til þess fallin að auka þekkingu og innsýn þeirra í söguna, samfélagið og fullveldishugtakið.
- höfða til fjölbreytts hóps fólks og hvetja til almennrar þátttöku.
- draga fram áhugaverða samlíkingu milli fortíðar og nútíðar í sögu lands og þjóðar, s.s. í menntun, heilbrigðismálum, náttúru, umhverfismálum, vísindum, stjórnámum, atvinnuþróun, samgöngum og í daglegu lífi fólks.
- hafa nýstárlega nálgun á þjóðararfinn og/eða á viðfangsefnið.
- eru til þess fallin að vekja athygli á sérstöðu Íslands í samfélagi þjóðanna.

Ofangreindar verkefnaáherslur útiloka ekki verkefni af öðrum toga hafi þau skírskotun til tilefnisins.



Nefnd á vegum Alþingis

Haustið 2016 kaus Alþingi nefnd með fulltrúum allra þingflokka er skyldi undirbúa hátíðahöld árið 2018. Í þingsályktun Alþingis er kveðið nánar á um verkefni nefndarinnar:

1. láta taka saman rit um aðdraganda sambandslaganna, efni laganna og framkvæmd þeirra, svo og rit um inntak fullveldisréttar er Ísland öðlaðist að þjóðarétti árið 1918;
2. stofna til sýningar í samvinnu við Árnastofnun á helstu handritum safnsins til að minna á grundvöll íslenskrar menningar og forsendur sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar;
3. stuðla að heildarútgáfu Íslendingasagna á afmælisárinu svo að fornar bókmenntir Íslendinga séu jafnan öllum tiltækar, jafnt á bók sem stafrænu formi;
4. hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri (862 2277), ragnheidurjona@fullveldi1918.is, og Einar K. Guðfinnsson, formaður (892 7628), ekg@ekg.is.

Fylgiskjal: Þingsályktun um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.